



27. maí 2021  
Tilv.: 2105166

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Efni:* Umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda, 791. mál.

Með tölvupósti, dags. 20. maí 2021, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016 (hámark greiðslubyrðar, undanþágur o.fl.), 791. mál.

Við vinnslu frumvarpsins var haft samráð við Seðlabanka Íslands. Meðal helstu breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu er nánari afmörkun á núgildandi heimildum Seðlabankans til að setja reglur um hámark heildarfjárhæðar fasteignaláns og greiðslubyrði þess í hlutfalli við tekjur neytenda ásamt því að heimila bankanum að kveða á um undanþágur frá hámörkunum. Um er að ræða mikilvæg þjóðhagsvarúðartæki og nauðsynlegt að til staðar séu skýrar heimildir til beitingar þeirra ef aðstæður gefa tilefni til. Verði frumvarpið að lögum verður betur tryggt að Seðlabankinn hafi tiltæk nauðsynleg tæki til að styðja við fjármálastöðugleika og draga úr alvarlegum röskunum í fjármálakerfinu.

Seðlabanki Íslands telur mikilvægt að frumvarpið nái fram að ganga og mælir endregið með samþykkt þess.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson  
seðlabankastjóri